


Breiðagerðisskóli

2025 – 2026



2.

Bekkur

Efnisyfirlit

Um árganganámskrá.....	3
Kennarar í árganginum.....	3
Samstarf við foreldra um félagslíf í árganginum	3
Nestis- og matarmál nemenda	4
Endurvinnsla Í Breiðagerðisskóla er allur úrgangur flokkaður. Nemendur gegna þar stóru	5
Heimanám	5
Námsmat.....	6
Starfið í árganginum.....	6
Íslenska.....	7
Byrjendalæsi.....	7
Talað mál og hlustun	8
Lestur og bókmenntir	9
Ritun.....	10
Málfræði.....	11
Stærðfræði	12
Stærðfræði og tungumál.....	12
Tölur og reikningur	13
Algebra	14
Rúmfræði og mælingar.....	15
Tölfræði og líkindi	15
Samfélagsfræði.....	16
Náttúrufræði	17
Lífsleikni	19
Enska	20
Tölvu - og upplýsingamennt	21
Tæknilæsi	21
Upplýsingalæsi.....	21
Myndmennt	22
Textílmennt	23
Hönnun og smíði.....	24
Tónmennt	26
Dans.....	27
Heimilisfræði.....	28
Skólaíþróttir.....	29

Sund.....	30
Útikennsla.....	31

Um árganganámskrá

Í árganganámskrá 2. bekkjar kemur fram áætlun um það helsta sem nemendur árgangsins koma til með að læra á skólaárinu. Námskrá árgangsins er samin í samræmi við [Aðalnámskrá grunnskóla: Almennur hluti 2011, Greinasvið 2013](#), stefnu Reykjavíkurborgar og stefnu Breiðagerðisskóla. Endurskoðun árganganámskráa vegna nýrra greinanámskráa er hafin en mislangt komin sjá nýja aðalnámskrá [hér](#).

Kennarar í árganginum

Jónína Edda Rósamundudóttir	umsjónarkennari
Eydís Einarsdóttir	umsjónarkennari
Elísa Björg Kristinsdóttir	umsjónarkennari
Ásdís Björg Gestsdóttir	tónmennt
Casper Vilhelmsen	sund og íþróttir
Guðrún Þóra Elfar	íþróttir
Elínóra Kristinsdóttir	myndmennt
Halla Leifsdóttir	hönnun og smíði
Steinunn Svansdóttir	textílmennt
Mínerva Alfreðsdóttir	heimilisfræði
Hólmfríður Þorvaldsdóttir	dans

Samstarf við foreldra um félagslíf í árganginum

Í Aðalnámskrá grunnskóla (2013) kemur fram að menntun og velferð nemenda er sameiginlegt verkefni heimila og skóla. Samstarfið snýst annars vegar um

nám og velferð hvers einstaklings og hins vegar um starf í einstökum árgöngum um nám félags-og tómstundarstarf. Samstarfið þarf að byggjast á gagnkvæmri virðingu, trausti og upplýsingamiðlun beggja aðila.

Foreldrafulltrúar eru valdir úr hverjum árgangi og hafa þeir skv. 4.gr. laga Foreldrafélags Breiðagerðisskóla eftirfarandi hlutverk: Að starfa með stjórn foreldrafélagsins við að efla og styrkja samstarf við foreldra innbyrðis, vinna með kennurum við skipulagningu á bekkjarfundum, skemmtunum og öðrum verkefnum. Þannig er leitast við að styrkja innra starf skólans og treysta samband heimila og skóla.

Foreldrar taka þátt í jólaskemmtunum með því að koma með veitingar á sameiginlegt hlaðborð.

Nestis- og matarmál nemenda

Í Aðalnámskrá Grunnskóla, Almennum hluta (2011) kemur fram að skólar skuli stuðla að heilsusamlegu fæðuvali með fræðslu og góðu framboði á fjölbreyttum mat. Lýðheilsustöð hefur sett fram heildstæðar ábendingar um almennt matarræði skólabarna. Við skipulag og matseðlagerð fyrir Breiðagerðisskóla hafa ábendingar frá Lýðheilsustöð verið hafðar að leiðarljósi. Breiðagerðisskóli kaupir hádegismat af Skólamat. Nemendum í Breiðagerðisskóla gefst kostur á að kaupa hollan og næringarríkan hádegisverð. Starfsfólk Breiðagerðisskóla vill beina þeim tilmælum til foreldra að senda börn sín með hollt nesti í skólann. Mælst er til að ekki séu notaðar einnota drykkjarumbúðir en þess í stað notaðir drykkjarbrúsar undir drykki.

Sætindi eru eingöngu leyfð þegar við gerum okkur dagamun. Í þeim tilfellum fá foreldrar tilkynningu með tölvupósti frá kennurum.

Við viljum minna á að Breiðagerðisskóli er hnetulaus skóli.

Endurvinnsla

Í Breiðagerðisskóla er allur úrgangur flokkaður. Nemendur gegna þar stóru hlutverki. Þeir sjá um að fara með lífrænan úrgang í flokkunarstöð og flokka pappír, plast og málma í kennslustofunum. Allir árganga fá fræðslu um nauðsyn þess að flokka úrgang og þar útskýrð jákvæð áhrif flokkunar á umhverfið.

Einn af grunnþáttum menntunar í Aðalnámskrá grunnskóla frá 2011 er sjálfbærni. Algengasti skilningur á hugtakinu sjálfbærni er að við skilum umhverfinu til afkomenda okkar í ekki lakara ástandi en við tókum við því. Umhverfið og náttúran umlykja allt mannlegt samfélag. Nemendur þurfa því að þekkja, skilja og virða náttúruna. Umhverfisvernd er því dæmi um eitt úrlausnarefni sjálfbærrar þróunar og er því mikilvægt að vekja nemendur til umhugsunar um flokkun úrgangs og gefa þeim tækifæri til að vera virkir þátttakendur í því.

Heimanám

Heimanámið í 2. bekk byggir á aðstoð foreldra/forráðamanna. Mjög mikilvægt er að heimanámi sé vel sinnt. Kannanir hafa sýnt fram á að ef foreldrar sinna heimanámi vel og sýna náminu áhuga, þá hefur það jákvæð áhrif á námsárangur barnanna. Heimanám á einungis að vera frekari þjálfun á þeim viðfangsefnum sem eru í gangi í skólanum. Ekkert heimanám er í desember og maí, nema heimalestur.

Viðmið í heimanámi:

2. bekkur: Heimalestur, lesa upphátt fyrir fullorðinn í 20 mínútur í senn (a.m.k. fimm daga vikunnar) og orðabókavinna (rita á 5-10 orð á dag í tengslum við heimalestur). Að auki eru verkefni í heimalestrarhefti sem gott er að vinna.

Námsmat

Námsmat í 1.-7. bekk er reglubundinn þáttur í skólastarfinu og er megin tilgangur þess að veita leiðbeinandi upplýsingar um námið. Námsmatið er fjölpætt og verður m.a. metin þekking, samvinna, leikni og vinnubrögð ásamt frumkvæði og skapandi hugsun. Námsmatsaðferðir eru fjölbreyttar og verður m.a. stuðst við kennaramat, sjálfsmat, jafningjamat og mat á einstökum verkefnum. Námsmatsviðtöl eru tvisvar á þessu skólaári, en þá ræða nemendur, foreldrar og kennarar nám nemenda og líðan þeirra í skólanum. Fyrri viðtalið er í október og þá meta nemendur sjálfir í samvinnu við foreldra sína ýmsa þætti sem tengjast skólastarfinu og námi og skólastarfi og verður það ásamt mati kennara til umræðu á fundinum. Annað viðtalið er í lok janúar en því viðtali stýra nemendur.

Í upphafi annar setja kennarar inn námslotur fyrir hverja námsgrein. Þar koma fram þau hæfniviðmið sem stefnt er að með áætlunum, einnig markmið og leiðir hvorrar greinar til að uppfylla þau hæfniviðmið.

Námsmatið byggir á símati sem felur í sér að kennarar setja öðru hvoru eftir því sem við á nýtt mat inn í Mentor. Matið byggist alltaf að einhverju leyti á sjálfsmati nemenda þannig eru þeir þátttakendur í matinu.

Læsi í víðum skilningi er einn af grunnþáttum menntunar í nýrri Aðalnámskrá. Í 2. bekk er skimun á lesfimi lögð fyrir þrisvar yfir skólaárið. Fyrsta prófið er lagt fyrir í september, annað prófið í byrjun janúar og þriðja prófið í lok apríl. Einnig eru lögð hraðlestrar- og lesskilningspróf fyrir nemendur tvisvar á ári. Þessi próf auðvelda kennurum að fylgjast með framförum nemenda og leiðbeina þeim við námið.

Starfið í árganginum

Í þessum árgangi vinnum við saman sem ein heild. Kennarar bera sameiginlega ábyrgð á öllum nemendum og koma að kennslu allra nemenda. Umsjónarkennari

hefur umsjón með ákveðnum nemendum og sér um samskipti við foreldra/forráðmenn þeirra skv. stefnu Breiðagerðisskóla.

Árganginum er skipt í hópa og það eru þrír umsjónarhópar. Fjórir hópar eru í sundi og list- og verkgreinum. Þegar farið er í útikennslu fer allur árgangurinn út saman og vinnur ýmis konar fjölþætt verkefni.

Markmiðið með hópaskiptingu, útikennslu og þemaverkefnum er að auka félagsfærni nemenda, efla sjálfstæði þeirra, venja þá við að vinna með ólíkum einstaklingum og koma til móts við mismunandi þarfir og áhuga nemenda skv. stefnu skólans.

Íslenska

Markmið í íslensku er að finna í [Aðalnámskrá grunnskóla-Greinasvið – Íslenska.](#)

Neðangreind markmið eru þau markmið sem við leggjum aðaláherslu á í vetur.

Byrjendalæsi

Í 2. bekk er stuðst við Byrjendalæsi í kennslu. Byrjendalæsi byggir á samvirkum kennsluaðferðum. Um er að ræða heildstæða móðurmálskennslu sem fléttar saman lestur, ritun, málfræði, tal og hlustun. Unnið er með gæðatexta sem er lesinn og orðaforði nemenda styrktur með umræðum um hann. Fundið er lykilorð úr textanum og það notað til að skoða orðmyndun, letur, stafainnlögn, hljóðkerfisvitund, skrift, ritun og fleira. Orðaforði úr textanum sem lesinn hefur verið, lykilorðið og ný orð sem hafa orðið til við vinnu með það eru nýtt áfram til umskráningar og endurtekens lesturs. Ritunarvinna byggir á orðaforða þess texta sem upphaflega var unnið með. Unnið er með lestrarkennsluna í lotum og skiptist vinna nemenda í fjóra þætti: sýnikennslu, þátttöku nemenda, virkni þeirra með stuðningi og sjálfstæð vinnubrögð. Notaðar eru margvíslegar kennsluaðferðir til að gera kennsluna skilvirka og fjölbreytta. Með því aukast líkurnar á því að kennarinn mæti þörfum allra nemenda.

Talað mál og hlustun

Meginmarkmið

Að nemendur

- þjálfist í að bera fram öll íslensk málhljóð
- þjálfist í að tjá sig frammi fyrir bekkjarfélögum sínum
- vinni verkefni sem gera kröfur um munnlega tjáningu
- taki þátt í stuttum leikþætti og/eða söngatriði
- hlusti á upplestur, sögur, ævintýri og ljóð
- hlusti á fyrirmæli og fari eftir þeim
- hlusti á umræður bekkjarfélaga sinna
- geri sér grein fyrir þeim reglum sem gilda þegar margir þurfa að tjá sig í einu og læri að fara eftir þeim
- fái tækifæri til að segja frá eigin reynslu
- endursegi og /eða lesi eigin sögur og ljóð upphátt fyrir bekkjarfélaga sína
- fari í leiki sem gera kröfur um munnlega tjáningu og að hlustað sé á og farið eftir munnlegum fyrirmælum
- fái tækifæri til að ræða við bekkjarfélaga, t.d. þegar upp koma vandamál og reyna að komast að sameiginlegri niðurstöðu

Efnisþættir

Upplestur kennara, nemenda og annarra. Framsögn, söngur, framkoma.

Leiðir að markmiðum

Nemendur hlusta á upplestur á sögum, ljóðum og þulum. Nemendur ræða efni sögunnar, einstök orð og orðasambönd. Nemendur sýna og segja frá myndum sem þeir búa til í tengslum við texta. Nemendur æfa sig í að lesa upphátt hverjir fyrir aðra eigin texta og annarra. Nemendur eru þjálfaðir í því að sýna þeim sem talar virðingu með því að hlusta á þá. Nemendur eru hvattir til að rétta upp hönd og bíða eftir að röðin komi að þeim þegar þeir taka þátt í umræðum. Lögð er áhersla á að nemendur hlusti af athygli þegar þeir fá fyrirmæli um verkefni eða

Þeim eru sögð mikilvæg skilaboð. Nemendur taka þátt í atriði sem sýnt er á jólaskemmtun fyrir foreldra og skólasystkini. Þeir koma einnig fram og flytja undirbúið efni fyrir gesti.

Námsgögn

Sögur, leikrit, sönglög, ljóð og þulur frá ýmsum löndum. Myndir og ritsmíðar nemenda.

Lestur og bókmenntir **Meginmarkmið**

Að nemendur

- geti lesið sér til gagns og ánægju
- geti notað íslenskt stafróf og tengt saman staf og hljóð
- auki lestrarhraða sinn.
- auki orðaforða sinn og efli mál- og lesskilning
- kynnist hugtökum eins og persóna, söguhetja og sögusvið
- kynnist sögum, leikritum, ljóðum og þulum frá ýmsum löndum
- læri nokkrar vísur, þulur og ljóð
- kynnist rími og hrynjandi, bókstöfum, orðum og málsgreinum
- lesi bækur við hæfi, að eigin vali og vali kennara

Efnispættir

Orðaforði, bækur, sögur, leikrit, ljóð, þulur, upplestur, hljóðlestur, yndislestur, kórlestur, gagnvirkur lestur, upplýsingaöflun, umræður.

Leiðir að markmiðum

Nemendur lesa upphátt hverjir fyrir aðra, í kórlestri, paralestri og fyrir kennara sögur sem unnið er með hverju sinni. Nemendur lesa ýmist upprunalega textann eða semja texta sjálfir. Nemendur æfa sig í að lesa orð úr textanum og orð sem búin eru til úr lykilorðinu með því að spila sérútbúin spil.

Kennari les sögur fyrir nemendur. Unnið er með forspá meðan á lestri stendur. Nemendur og kennarar ræða saman efni sögunnar og kennari spyr spurninga úr sögunni. Unnið er með einstök orð og orðasambönd og þau útskýrð. Lögð er áhersla á að hafa texta sem verið er að vinna með sýnilegan þannig að hann sé aðgengilegur nemendum og örvi þá til lesturs.

Yndislestur, þar sem nemendur lesa í hljóði bækur að eigin vali.

Námsgögn

Sögur, leikrit, ljóð og þulur frá ýmsum löndum. Sérútbúin verkefni sem reyna á lesskilning, sérútbúin spil sem reyna á tæknilega hlið lesturs, ýmsar lestrarbækur við hæfi hvers og eins og bækur að eigin vali af bókasafni.

Ritun

Meginmarkmið

Að nemendur

- læri að draga rétt til stafs
- þjálfist í að stafsetja rétt með notkun einfaldra reglna um stafsetningu
- semji texta við eigin myndir og annarra, semji sögur og ljóð og skrifi sjálfir eða með aðstoð
- geri sér grein fyrir mikilvægi þess að vanda sig við ritun
- kynnist einföldum ritunarrömmum og hugtakakortum og læri að nýta sér þau sem hjálpartæki í ritun

Efnisþættir

Stafastærð, hástafir, lágstafir, bil milli orða, réttiritun, ritunarráttar, sögugerð, fræðitexti, endursögn, ljóð og ljóðagerð.

Leiðir að markmiðum

Við lykilorðavinna er farið í hvernig stafir í orðinu eru skrifaðir. Nemendur og kennari finna í sameiningu ný orð úr stöfum lykilorðsins og skrá þau. Lögð er áhersla á að nemendur dragi rétt til stafs og geri greinarmun á há- og lágstöfum.

Þegar nemendur hafa náð valdi á réttum stafdrætti fara þeir að nota línur sem hjálparlínur. Lágstafir fylla eina línu og hástafir tvær.

Nemendur skrifa stafsetningaræfingar, rétt eftir réttu og þá er notast við þann texta sem verið er að vinna með hverju sinni, einnig er notast við sóknarskrift.

Nemendur vinna saman tveir eða fleiri við að skrásetja orð eftir fyrirmynd á ýmsan hátt með því að nota dagblöð, tölvur, stafaöskjur stafaspil o.fl.

Nemendur semja saman eða einstaklingslega texta (sögur, ljóð, frásagnir) sem byggir að einhverju leyti á orðaforða þess texta sem verið er að vinna með í hvert skipti.

Námsgögn

Skrift 2, sögur, leikrit, ljóð og þulur frá ýmsum löndum, ritunarrámmar, valin ljósrituð verkefni, Lestrarlandið – vinnubók 1 og 2.

Málfræði

Meginmarkmið

Að nemendur

- þekki hugtökin bókstafur, sérhljóði, samhljóði, orð og málsgrein
- kynnist hugtökunum samheiti, andheiti, sérnöfn og samnöfn
- átti sig á að orð geta verið samsett úr tveimur eða fleiri orðum
- kunni að ríma og fái tilfinningu fyrir hrynjanda orða og atkvæða og farið í leiki með orð
- fái tækifæri til að leika sér með tungumálið á fjölbreyttan hátt, t.d. með rími og orðaleikjum

Efnisþættir

Bókstafur, hljóð, sérhljóð, samhljóð, orð, málsgreinar, rím, samheiti, andheiti, sérnöfn, samnöfn, samsett orð.

Leiðir að markmiðum

Í lykilorðavinnu er farið í hvern staf og hljóð hans. Lykilorð eru notuð til að fjalla um rím, samsett orð, samheiti, andheiti, sérnöfn. Texti sem verið er að vinna með hverju sinni er nýttur til kennslu framangreindra þátta.

Námsgögn

Sögur, leikrit, ljóð og þulur frá ýmsum löndum. Ýmis sérútbúin verkefni sem taka á ofangreindum efnisþáttum. Lestrarlandið – vinnubók 1 og 2 og Ritrún 1.

Heimanám

Nemendur lesa upphátt heima a.m.k. fimm sinnum í viku, 15 mínútur í senn.

Bækur eru valdar út frá getu hvers og eins. Nemendur skrifa fimm orð á dag í stílabók í tengslum við heimalesturinn (20 orð á viku). Verkefni sem taka á hinum ýmsu þáttum íslenskunnar.

Stærðfræði

Markmið í stærðfræði er að finna í [Aðalnámskrá grunnskóla-Greinasvið-Stærðfræði](#)

Breiðagerðisskóli hefur undanfarinn áratug unnið að innleiðingu breyttra kennsluaðferða í stærðfræðikennslu yngri barna. Kennsluaðferðin byggir á hugmyndafræði rússneska sálfræðingsins og uppeldisfræðingsins Leonid Zankov. Hugmyndafræðin byggir á að örva vitsmunaproska barna með stærðfræðilegum umræðum og fjölbreyttum krefjandi verkefnum.

Hugmyndafræðinni kynntust kennarar Breiðagerðisskóla í Noregi þar sem góður árangur hafði náðst. Sjá [hér](#).

Neðangreind markmið eru þau markmið sem við leggjum aðaláherslu á í vetur.

Stærðfræði og tungumál

Meginmarkmið

Að nemendur

- þekki algeng stærðfræðihugtök og tákn fyrir þau og geti nýtt sér þau í umræðum og við lausn verkefna.
- geti lesið og skrifað náttúrulegar tölur allt að 100
- lesi (með aðstoð) texta um stærðfræðileg viðfangsefni og greini um hvað hann fjallar
- semji sögur um stærðfræðileg verkefni

- túlki niðurstöður útreikninga á grundvelli gagnasöfnunar, munnlega, með skýringarmyndum og á táknmáli stærðfræðinnar
- útskýri fyrir kennara og bekkjarfélögum hvernig hann leysir verkefni með aðstoð hluta (t.d. kubba eða talnagrindar) eða myndrænna skýringa
- geti lesið úr einföldum súluritum
- leysi þrautir þar sem beita þarf útreikningum við úrlausn vandamála
- vinni með tölvuforrit þar sem leysa þarf þrautir
- fari í leiki og spil sem reyna m.a. á talnavinnu, rúmfræði, rökhugsun og hugkvæmni

Vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar

Meginmarkmið

Að nemendur

- geti unnið í samvinnu við aðra ýmis verkefni tengd stærðfræði
- geti lesið og rætt um einfaldar upplýsingar þar sem stærðfræðihugtök eru notuð

Tölur og reikningur

Meginmarkmið

Að nemendur

- áætli fjölda hluta, telji með aðstoð talnagrindar eða sætisgildiskubba og sannreyni ágiskun sína
- raði tölum í flokka eftir tilteknum eiginleikum, t.d. oddatölur, tugi, tölur sem enda á 5 o.fl.
- vinni með talnalínu til að fá tilfinningu fyrir uppbyggingu tugakerfisins
- noti vasareikni til að skoða hvernig tölur breytast þegar bætt er við tug, hundraði eða þúsundi
- leysi verkefni úr daglegu umhverfi sínu þar sem leggja þarf saman, draga frá og margfalda til að finna lausnir
- noti talnalínu til að skoða eðli reikniaðgerða og kanna innbyrðis tengsl þeirra

- skoði hvernig margföldunartölur mynda talnamynstur út frá endurtekinni samlagningu, t.d. með því að lita tölur í margföldunartöflum og athuga mynstrin
- þjálfist í að nota mismunandi hjálpargögn við úrlausn verkefna, s.s. smáhluti, kubba, talnagrindur, reiknivélar og skýringarmyndir
- þjálfist í að nota þekkingu sína á tölum við hugarreikning

Vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar

Meginmarkmið

Að nemendur

- þekki algeng stærðfræðihugtök og tákn fyrir þau og geti nýtt sér þau í umræðum og við lausn verkefna.
- geti spurt og svarað með stærðfræði; rætt við félagar til að finna lausnir og útskýrt eigin niðurstöður fyrir öðrum
- þjálfist markvisst að vinna saman við úrlausn verkefna
- læri að nota hjálpargögn við úrlausn verkefna
- Að kunna að fara með tungumál og verkfæri stærðfræðinnar: -þekkt nokkur hugtök stærðfræðinnar Samræður um viðfangsefnið og hugtök tengd því. Nemendur vinna verkefni ýmist í gegnum leiki, spil, hlutbundna vinnu eða skrifleg verkefni. Nemendur vinna ýmist í hópum, pörum eða einstaklingslega. Nota fjölbreytt hlutbundin gögn ss kubba, talnalínur, 100 töflur, talnagrindur, og óhefðbundin mælitæki

Algebra

Meginmarkmið

Að nemendur

- vinni með margvísleg mynstur
- skoði og myndi talnamynstur, s.s. hvernig mynstur sléttra talna og oddatalna er í talnatöflu þar sem tölunum 1-100 er raðað í 10 dálka, 5 dálka o.s.frv.
- æfi talnarunur, t.d. með því að klappa og telja um leið en segja bara aðra, þriðju eða fimmtu hverja tölu upphátt

Rúmfræði og mælingar

Meginmarkmið

Að nemendur

- skoði lögun hluta og ræði um eiginleika og notagildi
- búi til flatarmyndir úr tvívíðum formum
- mæli með stöðluðum einingum, s.s. sentíkubbum og beri saman við mælingar með reglustiku eða málbandi (cm, dm, m)
- kanni rúmmál vökva með því að hella á milli íláta og beri saman við upplýsingar um magn á umbúðum
- þjálfist í að vigta mispunga hluti
- ræði hugtök tengd hitamælingum, s.s. heitur, kaldur, hlýr
- fylgist með veðrinu og lesi hitastig af hitamæli

Tölfræði og líkindi

Meginmarkmið

Að nemendur

- geri töflur og einföld súlurit um áhugamál sín eða annað sem tengist daglegu lífi
- taki þátt í umræðum og fáist við útreikninga út frá þeim upplýsingum sem er að finna í súluritunum

Efnispættir

Samlagning, frádráttur, margföldun, flatarmál, klukkan, lesi úr súluritum og töflum, vinna áfram með dagatöl, mæla með reglustiku, málbandi/ og vökva, ýmis mynstur mismunandi form s.s. hring, þríhyrning, ferning og rétthyrning, spegla, leysa þrautir og þrautalausnir, semja stærðfræðisögur og nota stærðfræðihugtök í umræðum og læra reglur nokkurra spila tengdum stærðfræði.

Leiðir að markmiðum

Kennslustundum er skipt í nokkra þætti. Í upphafi kennslustundar er athygli nemenda fönguð með t.d. stuttum þrautum, hugarreikningi, myndum eða

upprifjun frá fyrri kennslustundum. Viðfangsefni dagsins lagt fyrir allan hópinn t.d. með notkun mynda, skjávarpa eða töflu. Leitast er við að virkja nemendur til umræðna um viðfangsefnið. Að því loknu vinna nemendur ýmist einstaklingslega, í hóp, á stöðvum, eða í útikennslu. Nemendur vinna hlutbundið með námsgögn stærðfræðinnar (t.d. kubba og talnagrindur). Mikilvægt er að öll kennslutæki séu nemendum innan seilingar. Þegar því verður við komið kynna nemendur niðurstöður sínar munnlega (stærðfræðilegar umræður), skriflega og myndrænt. Í lok kennslustundar er viðfangsefni dagsins dregið saman með öllum hópnum.

Nemendur vinna að sömu viðfangsefnum en komið er á móts við ólíkar þarfir nemenda með mismunandi útfærslu.

Námsgögn

Grunnbækur eru Matimatikk 1B og 2A (hugmyndafræði Zankov), Sproti 2A og 2B og ítarefni s.s. Viltu reyna, Tíu-tuttugu og Eining.

Önnur námsgögn eru: Kubbar, pinnabretti, kennslupeningar, málbönd og mælistikur, vogir, speglar, klukkur og ýmis spil. Ýmis stærðfræðikennsluforrit af námsvefnum nams.is

Heimanám

Nemendur vinna ýmis verkerkefni/dæmi sem eru til frekari þjálfunar á þeim þáttum sem verið er að vinna með í skólanum.

Samfélagsfræði

Markmið í samfélagsfræði er að finna í [Aðalnámskrá grunnskóla - Greinasvið - Samfélagsgreinar](#)

Neðangreind markmið eru þau markmið sem við leggjum aðaláherslu á í vetur.

Meginmarkmið

Að nemendur

- læri að nýta sér fræðitexta við úrvinnslu verkefna

- læri að nýta sér hugtakakort við upplýsingaöflun
- læri um stofnun lýðveldisins Ísland
- kynnist sérkennum íslenskrar menningar og samfélags
- kynnist sögulegum byggingum í Reykjavíkurborg
- kynnist völdum frásögnum úr Gamla- og Nýja testamentinu í einfaldaðri mynd, m. a. sköpunarsögunni og Nóa og syndaflóðinu

Efnisþættir

Nánasta umhverfi nemandans, þekktir staðir á Íslandi og sögulegar byggingar í Reykjavíkurborg, íslenski fáninn, skjaldarmerki Íslands og landvættirnir, sköpunarsaga kristinna manna, Adam og Eva, Nói og syndaflóðið.

Leiðir að markmiðum

Hvert viðfangsefni er kynnt og rætt. Unnin eru valin verkefni hverju sinni sem eru í formi: ritunarverkefna, myndrænnar sköpunar, spurninga úr efni kennslubókar, hópvinnu og samþætt verkefni. Aðferðir byrjendalæsis s.s.

lykilorð, hugtakakortagerð og gagnvirkur lestur eru notaðar til

að kryfja texta og dýpka skilning nemenda á viðfangsefninu. Spil og leikir notaðir til að efla skilning á nýjum hugtökum og staðreyndum.

Vefefni og upplýsingaleit notuð í kennslunni. Vettvangsferðir og útikennsla eru tengd efnisþáttum samfélagsfræðinnar.

Námsgögn

Komdu og skoðaðu land og þjóð og efni af námsvef og myndbönd.

Heimanám

Ekkert.

Náttúrufræði

Markmið í náttúrugreina er að finna í [Aðalnámskrá grunnskóla -](#)

[Greinasvið - Náttúrugreinar](#)

Neðangreind markmið eru þau markmið sem við leggjum aðaláherslu á í vetur.

Meginmarkmið

Að nemendur

- læri að nýta sér fræðitexta við úrvinnslu verkefna
- læri að nýta sér hugtakakort við upplýsingaöflun
- læri um náttúru og náttúruauðlindum Íslands
- kynnist fornsögulegum dýrum og afdrifum þeirra
- læri að umgangast náttúruna af virðingu
- öðlist skilning á hegðun og atferli dýra
- geri sér grein fyrir því hvernig mismunandi lífsskilyrði og umhverfi geta mótað einkenni lífvera
- geri athuganir með vatn og snjó
- geri sér grein fyrir að aðstæður í sjónum og við ströndina eru mjög margbreytilegar og lífríkið sömuleiðis
- læri að hverju þarf að hyggja í fjöruferð
- kynnist nokkrum algengum hugtökum sem tengjast hafinu
- þekki nokkrar algengar fuglategundir

Efnisþættir

Risaeðlur, atferli dýra, fiskar og hafið, fuglalíf í Elliðaárdal. Hringrás vatnsins.

Leiðir að markmiðum

Hvert viðfangsefni er kynnt og rætt. Unnin eru valin verkefni hverju sinni sem eru í formi: ritunarverkefna, myndrænnar sköpunar, spurninga úr efni kennslubókar, hópvinnu og samþætt verkefni. Aðferðir byrjendalæsis s.s. lykilorð, hugtakakortagerð og gagnvirkur lestur eru notaðar til að kryfja texta og dýpka skilning nemenda á viðfangsefninu. Spil og leikir notaðir til að efla skilning á nýjum hugtökum og staðreyndum.

Vefefni og upplýsingaleit notuð í kennslunni. Vettvangsferðir og útikennsla eru tengd efnisþáttum náttúrufræðinnar.

Námsgögn

Komdu og skoðaðu hafið, Komdu og skoðaðu hvað dýrin gera, Regnboginn, bækur um risaeðlur. Efni af námsvef og myndbönd.

Lífsleikni

Neðangreind markmið eru þau markmið sem við leggjum aðaláherslu á í vetur.

Meginmarkmið

Að nemendur

- æfist í að setja sig í spor annarra
- læri að skilja aðra og láta sér lynda við þá
- þjálfist í að leysa úr vanda og nota til þess félagslegan skilning
- þjálfist í sjálfstjórn, kunni að umgangast reiði og draga úr æsingi

Efnisþættir

Innlifun, að leysa úr vanda, sjálfstjórn, umburðarlyndi, kurteisi, virðing, stríðni, gildi vináttu, tilfinningar s.s. kvíði, reiði, gleði, sorg, ótti, ósætti o.fl.

Leiðir að markmiðum

Lífsleiknitímar eru í formi bekkjarfunda. Lögð er áhersla á að nemendur sýni þeim sem talar virðingu með góðri áheyrn og allir séu virkir þátttakendur. Hver tími byggir á þremur megin þáttum þ.e. innlifun, að leysa úr vanda og sjálfstjórn. Lykillinn að því að ganga vel í samskiptum er að geta sett sig í spor annarra og með æfingum sem byggja á innlifun er börnunum kennt það.

Nemendum er kennt á markvissan hátt að leysa úr vanda með því að staldra við og hugsa og geta þannig séð fyrir afleiðingar gjörða sinna.

Viðfangsefni lífsleikninnar tengjast daglegu skólastarfi órjúfanlegum böndum og leitast verður við að styrkja hæfni nemenda í leik og starfi.

Námsgögn

Efni sem tengist lífsleikni.

Enska

Markmið í elendum tungumálum er að finna í [Aðalnámskrá grunnskóla - Greinasvið – Erlend tungumál](#)

Neðangreind markmið eru þau markmið sem við leggjum aðaláherslu á í vetur.

Meginmarkmið

Að nemendur

- öðlist áhuga og jákvætt viðhorf til tungumálsins
- efli orðaforða sinn í tengslum við viðfangsefni
- skilji einföld fyrirmæli og spurningar um viðfangsefni sem eru kunnugleg
- geti tekið þátt í samskiptum í kennslustofu, þ.e. kynnt sig, heilsað, kvatt, þakkað fyrir sig
- geti tekið þátt í einföldu samtali
- geti haft eftir söngva, rím o.fl. sem unnið hefur verið með í náminu

Efnisþættir

tölur, litir, klæðnaður, fjölskyldan, líkamshlutar, dýr, veður, dagar, mánuðir og árstíðir.

Leiðir að markmiðum

Tónlist, hreyfing, ímyndun, leikir og námsvefir eru notaðir til að byggja upp orðaforða nemenda. Lögð er áhersla á hlustun, endurtekningu, myndefni og látbragð í kennslu. Nemendur eru þjálfaðir í að tjá sig á ensku í tímum og æfa sig í samskiptum við aðra. Nemendur nota námsforrit sem æfa enn frekar þann orðaforða sem þau eru að vinna með.

Námsgögn

Rigth on! Enska fyrir yngsta stig. Kennsluvefurinn nams.is og forritið Play with english. Einnig munum við notast við ítarefni af vef og sérútbúin verkefni.

Tölvu - og upplýsingamennt

Markmið í upplýsinga og tæknimennt er að finna í [Aðalnámskrá grunnskóla - Greinasvið – Upplýsinga- og tæknimennt](#)

Neðangreind markmið eru þau markmið sem við leggjum aðaláherslu á í vetur.

Tæknilæsi Meginmarkmið

Að nemendur

- kynnist rétttri fingrasetningu og líkamsbeitingu við tölvu
- þekki helstu hluta tölvunnar sem fólk notar í daglegu lífi
- temji sér sjálfstæð vinnubrögð
- noti kennsluforrit tengd nokkrum námsgreinum
- venjist upplýsingatækni og tölvunotkun sem eðlilegum þætti náms
- læri að leita sér upplýsinga á Netinu

Efnisþættir

Fingrasetning, ýmis kennsluforrit í íslensku, stærðfræði, samfélagsfræði, náttúrufræði og ensku.

Leiðir að markmiðum

Nemendur eru þjálfaðir í að nýta tölvu til náms og þekkingarleitar með kennsluforritum. Samþætting við aðrar námsgreinar er höfð að leiðarljósi.

Námsgögn

Tölvur, kennsluforrit tengd ýmsum námsgreinum, vefurinn nams.is

Upplýsingalæsi Meginmarkmið

Að nemendur:

- komi á bókasafnið og fái lánaðar bækur
- átti sig á mun á skáldsögum og fræðibókum og viti hvar gögn eru geymd á safninu

- læri á útlánakerfi safnsins
- séu hvattir til lesturs
- kynnist ýmsum tegundum bókmennta, s.s. þjóðsögum, ævintýrum og ljóðum
- læri að hlusta af athygli og geti tekið þátt í umræðu um það sem lesið var

Efnisþættir

Lestur, útlánakerfi, bækur, skáldsögur, fræðibækur, upplestur, þjóðsögur, ævintýri.

Leiðir að markmiðum

Hvert efni er rætt og kynnt. Upplestur og frjálssir tímar eru hluti af kennslunni þar sem nemendur kynnast safninu á eigin forsendum. Unnið með verkefni við hæfi hverju sinni.

Námsgögn

Útbúin eru verkefni við hæfi ásamt ýmsum safngögnum.

Myndmennt

Markmið list- og verkgreinar er að finna í [Aðalnámskrá grunnskóla - Greinasvið – Listgreinar](#)

Neðangreind markmið eru þau markmið sem við leggjum aðaláherslu á í vetur.

Meginmarkmið

Að nemendur

- læri að rækta námsgleði, skapandi hugsun og verklag, í samræmi við aldur og þroska
- læri að rækta góð samskipti sem byggjast á tillitsemi, umburðarlyndi og kurteisi gagnvart samnemendum og öllu starfsfólki skólans
- læri góða umgengni um skólann og umhverfið

- fái tækifæri til að skapa
- kynnist fjölbreyttum efnum, áhöldum og aðferðum

Efnispættir

Litafræði, formfræði, myndbygging og listasaga, áherslan eftir aldri nemenda. Teiknun, málun, klipp, þrykk og mótun úr fjölbreyttu efni og með ólíkum áhöldum.

Leiðir að markmiðum

Innlögn með kveikju að verkefnum sem tengjast upplifunum, sögum, umhverfi, náttúru og listaverkum.

Textílmennt

Markmið textílmennatar er að finna í [Aðalnámskrá grunnskóla - Greinasvið – Verkgreinar](#)

Neðangreind markmið eru þau markmið sem við leggjum aðaláherslu á í vetur.

Meginmarkmið

Að nemendur

- læri að rækta námsgleði, skapandi hugsun og verklag í samræmi við aldur og þroska
- læri að rækta góð samskipti sem byggjast á tillitsemi, umburðarlyndi og kurteisi gagnvart samnemendum og öllu starfsfólki skólans
- læri góða umgengni um skólann og umhverfið
- læri góða umgengni um stofu og að nýta og fara vel með efni og áhöld
- læri helstu hugtök og heiti textílmennatar
- læra að sauma ýmsar sporgerðir
- læri algeng vinnubrögð með mismunandi efni sem hæfa aldri þeirra og þroska

Efnispættir

Nemendur vinna með þræðispor og aftursting.

Nemendur læra puttaprjón.

Nemendur vefa lítið verkefni.

Nemendur velja sér lítil verkefni eftir eigin áhuga og löngun.

Leiðir að markmiðum

Leitast er við að efla námsgleði og skapandi hugsun með verkefnum sem höfða til nemenda og hæfa aldri þeirra og þroska

Nemendur læra samvinnu t.d. með því að hjálpast að og styðja hvert annað í kennslustundum og á þemadögum og góða umgengni með því að ganga sameiginlega frá í stofu í lok hverrar kennslustundar

Nemendur læra að ganga inn og út úr stofu í röð í fylgd kennara og læra að hegðun og framkoma skipta máli.

Innlögn, kenndar þær vinnuaðferðir sem áhersla er lögð á.

Nemendur beita skapandi hugsun með því að teikna mynd og yfir færa hana á efni og sauma með þeim frjálsri aðferð.

Einstaklingskennsla, kennari aðstoðar hvern og einn nemanda þar sem hann er staddur í vinnuferlinu, verkefni aðlöguð að þroska og getu hvers og eins og áhersla lögð t.d. á að nemandi geti sjálfur klippt, þrætt nál og gengið frá endum. Hópkennsla þegar um samþættingu námsgreina er að ræða og þemadagar standa yfir.

Námsgögn

Kennslugögn og áhöld greinarinnar, bækur, blöð og vinnulýsingar.

Hönnun og smíði

Markmið í hönnun og smíði er að finna í [Aðalnámskrá grunnskóla - Greinasvið – List- og verkgreinar](#)

Neðangreind markmið eru þau markmið sem við leggjum aðaláherslu á í vetur.

Meginmarkmið

Að nemendur

- læri að rækta námsgleði, skapandi hugsun og verklag, í samræmi við aldur og þroska
- læri að rækta góð samskipti sem byggjast á samvinnu, tillitssemi og kurteisi, gagnvart samnemendum og starfsfólki skólans læri góða umgengni um stofu, efni og áhöld
- læri góða umgengni um skólann, umhverfið og náttúruna
- læri helstu hugtök og heiti greinarinnar sem eru til áherslu hverju sinni
- læri að festa verkefni á útsögunarklauf
- læri að saga út með útsögunarsög
- læri að nota þjöl til að móta verkefni
- læri að festa saman verkefni með trélími

Efnisþættir

Áhersla lögð á samhæfingu og fínhreyfingar í gegn um útsögun. Mismunandi yfirborðsmeðferðir og samsetningar. Notkun öryggis- og hlífðarbúnaðar. Nemendur búa til útsagaða veggmynd í ramma og leikfang úr tré.

Leiðir að markmiðum

Í upphafi hvers verkefnis fer fram hópinnlögn. Kynnt eru þau efni og verkfæri sem nota þarf til smíðinnar og þáttur nemenda í mismunandi hönnunarútfærslum verkefnisins tilgreindur. Nemendum er kennd rétt beiting verkfæra og umgengni við vélar. Einstakir verkþættir eru útskýrðir með sýnikennslu, ýmist í hóp- eða einstaklingskennslu, eftir því sem hentar hverju sinni. Nemendur meta eigin frammistöðu og annarra í ákveðnum verkþáttum. Í öllum árgöngum er unnið með endurvinnslu efnis. Lögð er áhersla á sjálfstæð og vönduð vinnubrögð ásamt samvinnu og kurteisi í samskiptum. Auk þess er lögð áhersla á góða umgengni í stofunni, um efni og áhöld og að nemendur gangi sameiginlega frá í stofu í lok hvers tíma.

Námsgögn

Ferilmappa nemenda, verkfæri smíðastofunnar, skriflegar leiðbeiningar og ýmiskonar efni.

Heimanám

Nemendur gera athuganir á umhverfi sínu og náttúru til að dýpka skilning sinn á inntaki námsgreinarinnar.

Tónmennt

Hæfniviðmið fyrir tónmennt í Aðalnámskrá grunnskóla skiptast í þrjá meginflokka sem eru: Söngur og hljóðfæraleikur, hlustun og greining, og sköpun og skráning. Hæfniviðmiðin má finna í [Aðalnámskrá grunnskóla – Greinasvið – List- og verkgreinar](#)

Meginmarkmið 2. bekkjar skólaárið 2025-2026 eru:

Að nemendur

- syngi valin sönglög með tilbrigðum í hraða og styrkleika
- virði umgengisreglur við hljóðfæri kennslustofunnar
- spili einfaldar laglínur eða rytma í samspili ýmist á hljóðfæri eða með kroppaklappi
- þekki helstu hljóðfæraflokka og geti greint valin hljóðfæri
- geti notað hljóðgjafa úr nærumhverfi í einfalda sköpun

Efnispættir

Söngur, markviss hlustun, rytmi (kroppaklapp og takthljóðfæri), einföld þrástef og laglínur á laglínuhljóðfæri, hreyfing og tónlistarleikir.

Leiðir að markmiðum

Söngur, samspil, tónlistarleikir og hreyfing, kynning á hljóðfærum, hljóðmyndaverkefni

Námsgögn

Tónlist og umhverfi, Pétur og úlfurinn, Hljóðleikhúsið, valin verkefni frá kennara.

Heimanám

Einstaka sinnum getur verið að nemendur séu beðnir um að æfa söngtexta heima.

Dans

Markmið í dansi er að finna í [Aðalnámskrá grunnskóla – Greinasvið – List- og verkgreinar](#)

Neðangreind markmið eru þau markmið sem við leggjum aðaláherslu á í vetur.

Meginmarkmið

Að nemendur

- geti tjáð með hreyfingum, persónulega upplifun sýna á tónlist
- kunni skil á hægri og vinstri, hæl og tá og fram og aftur
- geti dansað einföld spor í nokkrum dönsum
- taki þátt í hreyfileikjum, gangi í röð, í hring og læri hoppspor
- læri að bjóða upp í dans
- kunni mismunandi dansstöður og hald
-

Efnisþættir

- Systkinadans, tvö skref, enskur vals, Klappenade, Party polki, Cha cha frumspor, Samba frumspor, línudansar, tískudansar, dans ársins og ýmsir dansleikir.

Leiðir að markmiðum

Nemendur bæði dansa saman og eiga þá að bjóða upp og einstaklingslega þegar það á við. Farið verður í hina ýmsu dansleiki þar sem nemendur virkja ímyndunarafl sitt og sköpunargleði.

Námsgögn

Ýmis tónlist.

Heimanám

Ekkert sérstakt heimanám en nemendur hvattir til að æfa heima ný spor.

Heimilisfræði

Markmið í heimilisfræði er að finna í [Aðalnámskrá grunnskóla – Greinasvið – List- og verkgreinar](#)

Neðangreind markmið eru þau markmið sem við leggjum aðaláherslu á í vetur.

Meginmarkmið

Að nemendur

- þekki einföld áhöld og geti notað þau
- læri að fara eftir myndrænum og einföldum skriflegum uppskriftum
- vinni með gleði og jákvæðu hugarfari og geti sýnt tillitssemi

Efnisþættir

Notkun á einföldum mælitækjum, nemendur geti með aðstoð lesið og farið eftir einföldum uppskriftum, hollar matarvenjur, tengsl heilbrigðis og næringar, hreinlæti og örverur, tannvernd, áhaldafræði.

Leiðir að markmiðum:

Í upphafi hvers verkefnis fer fram hópinnlögn. Kynnt eru þau efni og áhöld sem notuð verða við gerð verkefnis. Innlögn er ýmist í formi sýnikennslu eða verkefni útskýrð myndrænt. Nemendur vinna ýmist saman eða einstaklingslega.

Námsgögn:

Hollt og gott 1 og verkefni af veraldarvef. Hráefni til matargerðar samkvæmt verkefnavali.

Heimanám

Skólaíþróttir

Markmið í íþróttum er að finna í [Aðalnámskrá grunnskóla – Greinasvið - Skólaíþróttir](#)

Neðangreind markmið eru þau markmið sem við leggjum aðaláherslu á í vetur.

Meginmarkmið

Að nemendur

- öðlist stjórn á líkama sínum
- öðlist jákvætt viðhorf til hreyfingar
- öðlist jákvæðari sjálfsmynd
- öðlist meira áræði
- styrki gróf- og fínhreyfingar
- öðlist betra þrek og þol
- öðlist færni í samvinnu í leik

Efnisþættir

Alhliða grunnþjálfun ýmsir leikir og æfingar, þrautabrautir, hringþjálfun, knattleikir, áhöld, frjálsar íþróttir, útihlaup og útivera, stöðvaþjálfun, teygjur og slökun.

Leiðir að markmiðum

Meginmarkmið skólaíþróttar er m.a. að stuðla að alhliða þroska hvers nemanda, efla heilsufar hans og afkastagetu. Markvisst íþróttar- og hreyfinám hefur ekki aðeins góð áhrif á líkamlega heilsu hvers nemanda, heldur hefur það einnig jákvæð áhrif á andlega og félagslega líðan. Eitt af mikilvægari markmiðum skólaíþróttar er að styrkja sjálfsmynd nemenda, auka sjálfstraust þeirra og áræði. Við markmiðasetninguna er tekið mið af þroskaþáttum nemenda: skyn- og hreyfiþroska, líkams- og fagurþroska, félags-, tilfinninga- og siðgæðisþroska og vitsmunarþroska. Fyrstu skólaárin hafa börn yfirleitt mikla hreyfiþörf, gleðjast yfir hverjum leik og eru með rannsóknarhug. Við skipulagningu kennslunnar þarf að koma til móts við þessa þætti. Leikir og markvissar æfingar, sem stuðla

að eflingu skynfæra líkamans og styrkja gróf- og fínhyfingar, eru þættir sem skipa eiga stóran sess í íþróttakennslu fyrstu skólaárin. Þá skal einnig tengja áður nefnda þætti við markvissa uppbyggingu á almennri líkamshreysti og þreki. Á fyrstu skólaárunum læra börnin smám saman að öðlast stjórn á líkama sínum og mótast sem heilsteyptir einstaklingar.

Hópinnlögn, sýnikennsla, einstaklingsaðstoð. Fjölbreytt kennsla með mikilli áherslu á leiki, jákvæðan aga og að nemendur læri að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum.

Kennsluefni

Ýmis áhöld smá og stór, skólalóð og íþróttasalur. Bækur og rit um íþróttir og leiki.

Sund

Markmið í íþróttum er að finna í [Aðalnámskrá grunnskóla – Greinasvið - Skólaíþróttir](#)

Neðangreind markmið eru þau markmið sem við leggjum aðaláherslu á í vetur.

Meginmarkmið

Að nemendur

- verði sjálfsöruggir og færir í vatninu
- þjálfist í félagsþroska (í formi leikja)
- fái þjálfun í ýmsum æfingum með og án áhalda
- þjálfist í samvinnu í sundleikjum
- læri fjölbreyttar æfingar sem reyna á samhæfingu hreyfinga
- geti spyrnt frá bakka með andlit í kafi, að lágmarki 2,5 m
- læri marglyttuflot
- læri að hoppa af bakka
- geti synt 10 m bringusund, með eða án hjálpartækja

- geti synt 10 m með skólabaksundsfótatökum, með eða án hjálpartækja
- geti synt 8 m með skriðsundsfótatökum, með eða án hjálpartækja

Efnispættir

Skriðsundsfótatök, skólabaksundsfótatök, sundleikir, bringusund, marglyttuflot og spyrnur frá bakka.

Leiðir að markmiðum

Í gegnum leik upplifa nemendur jákvætt viðhorf til æfinga og leikja í vatni. Æfingar og leikir í vatni auka vellíðan og styrkja samskipti. Hópkennsla er aðalformið, en einnig er leikjaformið mikið notað. Notuð verður stöðvaþjálfun til að nemendur þjálfist í sjálfstæðum vinnubrögðum. Nemendur læri að meta hættur sem geta fylgt leik í sundlaugum.

Námsgögn

Sundflá, boltar og alls konar dýr og hringir til að kafa eftir er mikið notað.

Útikennsla

Meginmarkmið

Að nemendur

- noti öll skilningarvit sín, þ.e. að hlusta, horfa, snerta og lykt
- njóti útiveru og hreyfingar
- kynnist nánasta umhverfi sínu og efli vitund og virðingu fyrir því
- kynnist því að umhverfið er kjörinn vettvangur til náms og læri að nýta sér það
- læri að vinna með öðrum í leik og starfi
- efli félagsfærni sína
- læri að útbúa sig eftir veðri

Efnispættir

Viðfangsefni í útikennslu ráðast af árstíð og viðfangsefnum í öðrum námsgreinum.

Leiðir að markmiðum

Nemendur fara í vettvangsferðir. Þeir gera athuganir á umhverfinu bæði einstaklingslega og í hópum. Nemendur vinna valin verkefni sem tengjast íslensku, stærðfræði, náttúrufræði og samfélagsgreinum og tengjast þeim markmiðum sem verið er að vinna með í þessum greinum. Þeir upplifa sitt nánasta umhverfi með notkun allra skilningarvita í samveru og frjálsum leik.

Námsgögn

Sérútbúin verkefni.

Útbúnaður

Nemendur þurfa að útbúa sig fyrir útikennsluna og koma klædd eftir veðri.

Stoðþjónusta

Stoðþjónusta Breiðagerðisskóla er samheiti yfir stuðningskerfi sem styður við almenna kennslu innan skólans. Hún getur falist í ráðgjöf til kennara varðandi nám og kennslu og/eða annað sem snýr að nemendum. Yfirleitt snúa verkefni þó að nemendum og varða kennslu og stuðning til lengri eða skemmri tíma og/eða mat á stöðu þeirra.

Skólinn reynir að mæta öllum nemendum og veita þeim nám við hæfi. Stoðþjónustan er ein af leiðum skólans til koma til móts við þarfir nemenda sem af einhverjum ástæðum þurfa sérstakan stuðning í námi, í langan eða skemmri tíma. Stoðþjónustan getur falist í að gera breytingar á námsmarkmiðum, námsumhverfi, kennsluaðferðum og námsmati miðað við það sem almennt gerist og stundum er kennt samkvæmt markmiðum einstaklingsnámskrár.

Einstaklingsnámskrá er einstaklingsmiðuð kennsluáætlun þar sem fram kemur staða nemenda í námi, ákveðin markmið sem nemandi er ætlað að ná á skólaárinu og aðferðir sem notaðar eru til að meta hvort nemandinn hafi náð settum markmiðum. Nemendur geta verið með einstaklingsnámskrá í einni eða fleiri námsgreinum.

Stoðþjónustan nær yfir sérkennslu og stuðning, námsráðgjöf og aðra sérfræðiaðstoð. Innan hennar starfa eftirtaldir aðilar:

- **Sérkennarar** eða kennarar sem sjá um sérkennslu ýmist í hópum eða einstaklingsbundið, inn í bekk eða í sérkennslustofu. Þeir aðstoða kennara við aðlögun námsefnis og námsmats þegar þörf er á og í samvinnu við kennara og þroskaþjálfara vinna þeir einstaklingsnámskrár og áætlanir fyrir nemendur.
- **Þroskaþjálfar** vinna yfirleitt með ákveðnum nemendum en styðja einnig við ákveðna nemendahópa til dæmis hvað varðar félagsfærni. Þeir vinna náið með kennurum og sérkennurum við gerð einstaklingsnámskrár og áætlana fyrir nemendur.

- **Stuðningsfulltrúar** vinna undir leiðsögn deildarstjóra, kennara og þroskaþjálfra við að styðja nemendur námslega og félagslega. Þeir vinna mest inn í bekk og bæði með einstaklingum og hópum.
- **Nemendaráðgjafi** stendur vörð um velferð allra nemenda, styður þá og liðsinnir í málum sem snerta nám, skólavist og líðan nemenda. Hann heldur einnig utan um eineltisáætlun skólans.

Að auki á Breiðagerðisskóli, eftir því sem þurfa þykir, samstarf við ýmsa sérfræðinga og stofnanir utan skólans sem koma að málefnum nemenda. Stoðþjónustan á til að mynda náíð samstarf við Norðurmiðstöð þar sem starfa til dæmis talmeinafræðingar, sálfræðingar og fleiri aðilar.

Að síðustu má nefna það innan Breiðagerðisskóla starfar nemendaverndarráð sem fundar að öllu jafna aðra hvora viku. Þar sitja skólastjórnendur, deildarstjóri stoðþjónustu, námsráðgjafi, sálfræðingur frá þjónustumiðstöð og hjúkrunarfræðingur á vegum heilsugæslunnar.

Deildarstjóri stoðþjónustu er Ragna L. Jakobsdóttir

Nemendaráðgjafi er Guðlaug Sigurðardóttir